



Faghópur I

Fundargerð 11. fundar

Orkustofnun, 26. maí 2009, kl. 10:30

Mætt: Póra Ellen Þórhallsdóttir, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson og Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll: Freysteinn Sigmundsson

Fundarfrásögn

1. **Fundargerðir.** Fundargerðum þriggja síðustu funda var dreift og fundarmenn beðnir að lesa þær yfir og senda athugasemdir til starfsmanns.
2. **Afmörkun svæða vegna verðmætamats.** Vinna við afmörkun svæða vegna verðmætamats hélt áfram. Rætt var um að útvíkka útlínur svæðanna og ákveðið að þau myndu ná u.þ.b. 500 metra upp á bakka beggja vegna farvegs fallvatna og teygja sig yfir flæðiengjar þegar ár breiddu úr sér á láglandi. Sólborg mun áfram setja útlínur áhrifssvæðanna í stafrænan búning. Magnús mun í sama tilgangi senda henni útmörk háhitasvæða skv. viðnámsmælingum. Eftirtalin svæði voru afmörkuð og gefið einkennisnúmer.

11. Hvalá
12. Gláma
13. Hvítá í Árnassýslu/Jökulfall
14. Hvítá í Borgarfirði

Háhitasvæði:

15. Þeistareykir
16. Gjástykki
17. Bjarnaflag
18. Krafla
19. Kverkfjöll
20. Askja
21. Vonarskarð
22. Hágöngur
23. Kerlingafjöll
24. Hveravellir
25. Torfajökull
26. Geysir
27. Hengill
28. Krýsuvík
29. Svartengi/Eldvörp
30. Reykjanes og Sandvík

3. **Skýrsla frá Veiðimálastofnun.** Starfsmanni var falið að kanna hvort skýrsla Jón S. Ólafssonar á Veiðimálastofnun um vatnalíf á háhitasvæðum væri komin út og ef svo væri, útvega eintak.

4. **Næsti fundur.** Ekki var afráðin dagsetning næsta fundar en formaður faghópsins mun kanna möguleika fyrstu vikuna í júlí.